



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Föstudagurinn 28. júlí 2017



## **Fimmti fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, föstudaginn 28. júlí 2017 kl.08.30**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jakob Sigurðsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðjón L. Sigurðsson og Hjördís Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Hjalti Þór Hreinsson

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Staða HSÍ  
GBÓ rakti hvað hefur gerst hjá HSÍ í sumar og stöðu mála
3. Reglugerðarbreyting varðandi skuldir félaga lögð til samþykktar  
RGG lagði fram reglugerðarbreytingu varðandi reglugerð HSÍ um félagaskipti hvað varðar útgáfu keppnisleyfa. Félög í vanskilum fá ekki útgefin keppnisleyfi. Stjórn HSÍ samþykkti breytinguna.
4. Starfsmannamál  
GBÓ fór yfir stöðu starfsmannamála. Jafnframt fengu GBÓ og RGG umboð til að ráða sölu og markaðsmann inná skrifstofuna í haust.
5. Fjármál  
RGG kynnti stöðu fjármála og hvað er framundan í þeim eignum. Stjórnin skipti með sér verkefnum í þeim eignum.
6. Önnur mál  
RGG kynnti stöðu á samstarfssamningum.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari